

Ár 1973, miðvikudaginn 13. apríl, var í málinu nr. 32/1972 kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd avahljóðandi

Á r s k u r ð u r :

Málavertir eru þeir, að með ákvörðun millimatssmanna í Reykjavík frá 9. nóvember 1972, var matsverð fasteignarinnar Reynisvatns við Vesturlandsbraut í Reykjavík (staðgreinir 5.11.-99) ákveðið kr. 13.601.000,00. Jafnframt var ákveðin sú skipting matsverðsins, að í gjaldflokk a-liða 3. gr. laga nr. 3/1972 um tekjustofna sveitarfélaga skyldu koma 9,2% en í gjaldflokk b-liða sömu lagagreinar koma 90,8%. Var lagður fasteignaskattur á í samræmi við þá ákvörðun, 0,0% af þeim hluta matsverðs, er felldur var undir a-lið, og 1,8% af þeim hluta matsverðs, er felldur var undir b-lið.

Með bréfi, dags. 19. desember 1972, kærði Þorvaldur Þórarinnsson, hrl., f.h. Þóru Jónsdóttur ófangreinda ákvörðun millimatssmanna til Yfirfasteignamatnefndar. Sv áréttað í bréfi, dags. 10. apríl s.l., að ekki sé kærð ákvörðun fasteignamatssveitverðsins, heldur aðeins skipting þess milli gjaldflokka.

Ófangreind fasteign er jörðin Reynisvatn, sem var í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu, umz hún var lögð undir lúgsagnarundmið Reykjavíkur með lögum nr. 62/1943, sbr. 1. gr. þeirra laga. Jörð þessi mun hafa komið í eigu ríkisins í kringum 1940, en var seld Ólafi Jónssyni með afsali, ld. ágúst 1944, og gerði hann jörðina að settaróðali með yfirlýsingu sama dag, eins og lúgskýlt var, sbr. 47. gr. laga nr. 116/1943. Þittir naðlét Ólafis fónk ekkja hans, Þóra Jónsdóttir, leyfi til notu í óskiptu búi og hefur hún haft afnot jarðarinnar síðan.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, hefur verið stundaður búskapur á Reynisvatni, en síðari ár a.m.k., hefur aðeins verið um að ræða sauðfjárbúskap í tiltölulega smáum stíl.

Eins og máli þetta er lagt fyrir, er hér aðeins til úrlausnar, undir hvorn gjaldflokk 3. gr. laga nr. 3/1972 um tekjustofna sveitarfélaga fasteignin falli og hvort um skiptingu fasteignamatssveitverðs milli gjaldflokka sé að ræða. Af ákvæðum laga um settaróðal má ræða, að nýting jarða, sem gerðar hafa verið að settaróðulum, sé bundin við búskap, sbr. nú ákvæði laga nr. 102/1962. Þittir því sem fram hefur komið, er land og samvirkni, sem hér er um að ræða, notuð í þessum landbúnaðar. Verður samkvæmt því að telja rétt, þótt um takmarkaða nýtingu í þessum skyni sé að ræða, að fasteignaskatt ársins 1972 beri að greiða af umræddri fasteign, samkvæmt a-lið 3. gr. laga nr. 3/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, að viðbætti þakkuð samkvæmt 3. mgr. sömu lagagreinar og 3. tl. ákvæða til bráðabirgða.

Er þá lagt til grundvallar að nýting lands og sennvirkja til  
landbúnaðar sé ekki svo lítilstjórn, að ákvæði a-118a 3. gr.  
geti ekki lengur átt við.

#### Þ R E F E R D A R O R Ð I

Fasteignaskatt af fasteigninni Reyntavatu við  
Vesturlandsbraut í Reykjavík (staðgreinir 3.11.-99) skal  
greiða fyrir árið 1972, samkvæmt a-118 3. gr. laga nr. 8/1972,  
að viðbætti hekkum samkvæmt 3. mgr. sömu lagagreiðnar og 3. tl.  
ákvæða til bráðabirgða í sömu lögum.

Gaukur Jörundsson

Torfi Sveinsson

Pálmi Jónsson

Rétt afrit staðfest.

Reykjavík, 18. apríl 1973.